

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 249/2014****2015/EES/61/05****frá 13. nóvember 2014****um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum
utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt er að auka samstarf aðila að EES-samningnum þannig að það taki til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 377/2014 frá 3. apríl 2014 um að koma á fót Kóperníkusaráætluninni og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 911/2010 ⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að þátttaka EFTA-ríkjanna í starfsemi sem leiðir af reglugerð (ESB) nr. 377/2014 hefjist frá 1. janúar 2014 að telja, jafnvel þótt ákvörðun þessi sé samþykkt, eða þótt tilkynnt sé um það eftir 10. júlí 2014 að stjórnskipulegum skilyrðum vegna þessarar ákvörðunar, ef einhver eru, hafi verið fullnægt.
- 3) Aðilum sem hafa staðfestu í EFTA-ríkjunum skal vera heimilt að taka þátt í starfsemi sem hefst áður en þessi ákvörðun öðlast gildi. Kostnaðurinn sem stofnað er til vegna slíkrar starfsemi, sem hefst eftir 1. janúar 2014, getur talist styrkhæfur samkvæmt sömu skilyrðum og gilda um kostnað sem aðilar með staðfestu í aðildarríkjum ESB hafa stofnað til, að því tilskildu að þessi ákvörðun öðlist gildi áður en viðkomandi aðgerð lýkur.
- 4) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við EES-samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti hafist frá 1. janúar 2014 að telja.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi málsgrein bætist við á eftir málsgrein 8c í 1. gr. bókunar 31 við EES-samninginn:

- „8d. a) EFTA-ríkin skulu, frá og með 1. janúar 2014, taka þátt í starfsemi sem kann að leiða af eftirfarandi Sambandsgerð
- **32014 R 0377**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 377/2014 frá 3. apríl 2014 um að koma á fót Kóperníkusaráætluninni og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 911/2010 (Stjtið. ESB L 122, 24.4.2014, bls. 44).
- b) EFTA-ríkin skulu leggja fram fé til þeirrar starfsemi sem um getur í lið a) í samræmi við stafl. a) í 1. mgr. 82. gr. EES-samningsins og bókun 32 við EES-samninginn.
- c) Heimilt er að telja kostnað við starfsemi, sem er hrint í framkvæmt eftir 1. janúar 2014, styrkhæfan frá og með upphafi aðgerðarinnar samkvæmt viðkomandi styrksamningi eða styrkákvrðun, að því tilskildu að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 249/2014 frá 13. nóvember 2014 öðlist gildi áður en aðgerðinni lýkur.
- d) EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í starfi allra nefnda Sambandsins sem eru framkvæmdastjórn Evrópusambandsins til aðstoðar við stjórnun, mótun og framkvæmd starfseminnar sem um ræðir í lið a), þó án atkvæðisréttar.
- e) Málsgrein þessi tekur ekki til Noregs og Liechtensteins.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins berst (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2014 að telja.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 122, 24.4.2014, bls. 44.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. nóvember 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.